

FORSETA BRÉF

75

24. sept.

um að reglulegt Alþingi 1957 skuli koma saman til fundar
fimmtudaginn 10. október 1957.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Ég hef ákveðið samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að reglulegt Alþingi 1957 skuli koma saman til fundar fimmtudaginn 10. október n. k.

Um leið og ég birti þetta, er öllum, sem setu eiga á Alþingi boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur og verður þá Alþingi sett að lokinni guðsþjónustu í dómkirkjunni, er hefst klukkan 13.30.

Gjört að Bessastöðum, 24. september 1957.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

AUGLÝSING

76

29. sept.

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, herra Ásgeir Ásgeirsson, fór í dag í embættiserindum til útlanda og mun verða fjarverandi um hríð.

Í fjarveru hans fara forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Í forsætisráðuneytinu, 29. september 1957.

Hermann Jónasson.

Birgir Thorlacius.

BRÉF

77

9. okt.

HANDHAFA VALDS FORSETA ÍSLANDS

um setningu Alþingis.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt:

Að vér veitum forsætisráðherra, Hermann Jónassyni, umboð til þess í voru nafni að setja Alþingi, 77. löggjafarþing, er koma á saman til fundar fimmtudaginn 10. október 1957.

Gjört í Reykjavík, 9. október 1957.

Hermann Jónasson.

Emil Jónsson.

Jónatan Hallvarðsson.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

A 34